

Fundur í stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilisins Naust haldinn föstudaginn 16. ágúst 2013 og hófst fundurinn kl kl. 12:00 á skrifstofu Langanesbyggðar.

Mætt voru: Ragnhildur Karlsdóttir, Kristín Thorberg, Bjarnveig Skaftfeld og Ólafur Steinarsson sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi var kynnt og rætt:

1. Tekjur dvalaheimilisins Nausts

Tekjur eru talsvert undir áætlun og nýting heimilisins er talsvert undir því sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Í dag eru nýtt 5 hjúkrunarrými, 3 dvalarrými og 2 dagvistunarrými. Tekjuforsendur m.v. þetta eru um 4,5M á mánuði. Ef heimilið væri fullnýtt gætu tekjur verið um 9,0M á mánuði því er nýtingarhlutfall rétt um 51% af afkastagetu. Heildartekjur fyrir árið 2013 hafa verið endurskoðaðar og stefna í 65,6 milljónir til samanburðar við áætlun upp á 89,9M. Inn í þessu eru um 2M sem er útseld vinna vegna sérfræðipjónustu Kristínar annað sem er nýr tekjuliður fyrir heimilið.

2. Rekstrarkostnaður dvalaheimilisins Nausts

Rekstrarkostnaður heimilisins horfir þannig við að heildar kostnaður stefnir í að verða 81,3M til samanburðar við 90,1M í áætlun sem verður að teljast ágætur árangur. Ef áætlanir nást fram verða laun um 4M undir áætlun eða í heildina 63,3M, og vörukaup um 4M undir áætlun en þau stefna í 9,3M á árinu til samanburðar við 13,5 í áætlun. Halda þarf vel utan um allan kostnað í ljósi þess að tekjuforsendur hafa algjörlega brugðist. Miðað við þær áætlanir sem nú liggja fyrir endar heildarkostnaður við rekstur í 15,7 milljón króna tapi af rekstrinum. Inn í rekstrarkostnaði 2013 er að hluta til einskiptiskostnaður vegna starfsmannabreytinga þannig að væntingar eru til þess að heildar rekstrarkostnaðurinn geti verið lægri á árinu 2014.

3. Laus rými

Mikilvægt er að láta aðrar heilbrigðisstofnanir vita af því að hér sé laust pláss og það er áskorun til stjórnenda stofnunarinnar að fá inn fleiri dvalargesti á heimilið.

4. Öldrunarmál í Langanesbyggð og Svalbarðshrepp

Rætt var um öldrunarmál almennt í sveitarfélaginu og þá þjónustu sem heimilið er að veita öðrum í báðum bæjarfélögum og sveitum.

5. Ráðning hjúkrunarforstjóra

Búið er að ganga frá samningi við Kristínu til eins árs til viðbótar.

6. Næsti fundur

Að endingu var rætt um að hittast aftur eftir einn mánuð og Ólafur ætlaði að vera búin að leggja upp drög að áætlun 2014 en þar til næsti fundur er haldinn verður að leggja áherslu á að reyna að fá inn fleiri gesti og halda áfram aðhaldi kostnaðarmegin.

Fleira gerðist ekki
Fundi slitið kl 13:00